



Náttúruverndarstofnun  
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 5.6.2025

Málsnúmer: 202506-0009

IAS

**Efni: Endurnýjun hitaveitulagnar við Laxá**

Vísað er til eindis Náttúruverndarstofnunar, dagsett 3. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar, um leyfi til lagningar hitaveitulagnar innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Fyrirhugað er að leggja nýja hitaveitulögn yfir Laxá neðan Laxárvirkjunar. Lögnin verður lögð samhliða eldri hitaveitulögn í gegnum núverandi rörabrú. Ekki verður neitt rask á vatnsbakka Laxár eða lífríki í ánni en eitthvert rask verður á nútímahrauni, m.a. innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsókn framkvæmdaaðila og meðfylgjandi fylgigögn og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og á nútímahrauni, Laxárhrauni yngra, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Hrauninu hefur þegar verið raskað við lagningu eldri lagnar og líklega verður rask eitthvað meira vegna nýju lagnarinnar.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allt verði gert sem hægt er svo að rask verði sem minnst og að við frágang verði eingöngu notast við staðargróður og þess gætt að framandi tegundir berist ekki inn á svæðið með aðfluttu efni.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur